

Skýrsla starfshóps um meðferð  
kynferðisbrotamála þegar um fatlaða  
sakborninga og/eða brotþola er að  
ræða.

Unnið fyrir ríkissaksóknara  
júní 2018

## Efnisyfirlit

1.	Tillögur að lagabreytingum og drög að verklagsreglum .....	5
i.	Lagabreytingar.....	5
ii.	Tillögur um tölfræði og sérútbúin herbergi.....	5
iii.	Tillögur um fræðslu .....	6
iv.	Drög að verklagsreglum:.....	7
2.	Núgildandi löggjöf og verklag .....	9
3.	Tölfræði .....	14
4.	13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks .....	15
5.	Fræðileg umfjöllun um þolendur og gerendur .....	18
6.	Fræðsla, menntun og endurmenntun .....	22
7.	Norræn framkvæmd .....	25
	Heimildir .....	27
	Fylgiskjöl .....	28

Með bréfi dags. 13. janúar 2017 skipaði ríkissaksóknari starfshóp um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotþola er að ræða. Í skipunarbréfinu kom fram að starfshópurinn ætti helst að huga að atriðum sem varða tilhögun skýrslutöku af fötluðum gerendum og þolendum við rannsókn mála og fyrir dómi, fræðslu og þjálfun lögreglumanna, ákæranda og dómara á þessu sviði og aðkomu réttindagæslumanna að málunum. Starfshópnum var falið að gera drög að verklagsreglum um meðferð ofangreindra mála og tillögur að lagabreytingum, ef þeirra er talin þörf, m.a. með hliðsjón af 13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Eftirtaldir sérfræðingar skipuðu starfshópin:

Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari sem jafnframt var formaður,

Elís Kjartansson, lögreglufulltrúi,

Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild HR,

Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum og forstöðumaður rannsóknarseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands,

Helga Baldvins- og Bjargardóttir, lögfræðingur og þroskaþjálfari.

Starfshópurinn hélt sjö fundi á tímabilinu 17. febrúar til 22. september 2017 og fengu til sín á fundi ýmsa hagsmunaaðila. Gestir á fundum starfshópsins voru Embla Guðrún Ágústsdóttir frá Tabú, Halldór Gunnarsson frá velferðarráðuneytinu og Aileen Svendsdóttir og Haukur Guðmundsson frá Átaki, félags fólks með þroskahömlun. Þá hittu meðlimir starfshópsins auk þess þá Phil Morris og Steve Retford sem staddir voru hér á landi til að halda námskeið fyrir lögreglumenn og ákærændur á vegum mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar en þeir eru fyrrum lögreglumenn sem hafa sérhæft sig skýrslutökum af fólki í viðkvæmri stöðu. Starfshópurinn aflaði ýmissa gagna við vinnu sína, m.a. var óskað eftir upplýsingum um tilhögun rannsókna kynferðisbrota þegar gerandi eða þolandi er fatlaður frá öllum lögregluembættum, óskað var eftir upplýsingum um tilhögun skýrslutöku í slíkum málum og tilhögun fræðslu til starfsmanna réttarvörslukerfa allra Norðurlandanna o.fl.

Að mati starfshópsins er nauðsynlegt að gera breytingar á þeim reglum sem gilda um skýrslutökur af sakborningum og vitnum í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml.). Er nánar gerði grein fyrir tillögum starfshópsins hvað þetta varðar

í kafla 1, auk þess sem þar koma fram aðrar tillögur til úrbóta, tillögur um fræðslu til aðila réttarvörslukerfisins og drög að verklagsreglum fyrir lögreglu. Í næstu köflum er fjallað ítarlegar um stöðu þessa málaflokks í dag, verklag á Norðurlöndum, Samning Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra og fleiri atriði.

## 1. Tillögur að lagabreytingum og drög að verklagsreglum

### i. Lagabreytingar

Starfshópurinn leggur til að farið verði í heildarendurskoðun á þeim reglum sem gilda um skýrslutökur af sakborningum og vitnum í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 með það fyrir augum að bæta réttarstöðu fatlaðs fólks. Við þá vinnu yrði sérstök áhersla lögð á að skoða tilhögun skýrslutöku af fötluðu fólki og þá þróun sem orðið hefur í þeim efnum á Norðurlöndunum og víðar. Skipaður verði sérstakur starfshópur á vegum dómsmálaráðuneytisins til að vinna að frumvarpi til breytinga á lögnum og við þá vinnu er mikilvægt að hafa í huga eftirgreind atriði:

- Skoða þarf vel hvort rétt sé að hverfa frá því fyrirkomulagi að taka dómskýrslu á rannsóknarstigi af vitnum í viðkvæmri stöðu og börnum sem eru þolendur m.a. kynferðisbrota, sbr. a- og c- lið 59. gr. sml. Ljóst er að það getur raskað rannsóknarhagsmunum þegar skýrsla er tekin af brotþola í kynferðisbrotamáli að viðstöddum verjanda sakbornings, áður en eiginleg skýrsla er tekin af sakborningi sjálfum. Í Noregi og Danmörku virðist hafa verið fallið frá þessu fyrirkomulagi og þess í stað byggt á skýrslum hjá lögreglu (aðlöguð skýrslutaka) sem teknar eru upp í hljóð og mynd og spilaðar eru við aðalmeðferð. Framkvæmdin þar er þá sú að fyrstu skýrslur af þolendum eru teknar án þess að sakborningur eða verjandi séu viðstaddir en sakborningur getur óskað eftir frekari skýrslu af brotþola eftir að hann hefur sjálfur gefið skýrslu. Í undantekningartilvikum þurfa brotþolar að gefa skýrslu við aðalmeðferð.
- Í lögum verði sett pósitívt ákvæði um rétt fatlaðra brotþola eða fólks í viðkvæmri stöðu til að hafa með sér stuðningsaðila við yfirheyrslur, hvort sem er hjá lögreglu eða fyrir dómi. Þessi stuðningsaðili getur t.d. verið réttindagæslumaður fatlaðs fólks eða annar hæfur aðili sem sjálfur er ekki vitni í máli.
- Starfshópurinn telur að bæta eigi í lögum heimild fyrir dómara að kalla til sérkunnáttumenn við skýrslutökur ef taka á skýrslu af fötluðu fólki. Núgildandi lög gera eingöngu ráð fyrir þessu þegar taka á skýrslu af barni fyrir dómi sbr. 2. mgr. 123. gr. laganna.

Þá leggur starfshópurinn til að gerðar verði breytingar á 3. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 þannig að orðalagið samræmist betur 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

### ii. Tillögur um tölfraedi og sérútbúin herbergi

Starfshópurinn leggur mikla áherslu á að haldið verði utan um tölfraedi þeirra kynferðisbrota sem varða fatlað fólk. Rannsóknir sýna að fatlaðir einstaklingar, sérstaklega fatlaðar konur, eru í meiri hættu en ófatlaðir til að verða fyrir kynferðisbrotum. Það er því sérstaklega mikilvægt að halda vel utan um þessar tölur til að betur sé hægt að átta sig á umfangi vandans hér á landi.

Á nokkrum lögreglustöðvum hafa verið sérútbúin herbergi sem notuð er þegar teknar eru skýrslur af brotaþolum í kynferðisbrotum. Starfshópurinn leggur áherslu á að slík herbergi verið útbúin á öllum lögreglustöðvum.

### **iii. Tillögur um fræðslu**

Starfshópurinn telur brýnt að auka þekkingu á nýjum áherslum, hugmyndafræði og skilningi á fötlun og fötluðu fólki. Undanfarin ár hefur orðið grundvallarbreyting í sýn og skilningi á fötlun. Þessi breyting einkennist af fráhrarfi frá læknisfræðilegri sýn sem skilgreinir fötlun sem einstaklingsbundinn afbrigðileika eða galla. Í stað þess er áhersla á félagslegan skilning á fötlun, þar sem bent er á að samfélagslegar hindranir eigi stóran þátt í að skapa fötlunina, og áherslu á mannréttindi fatlaðs fólks. Þessi nýja sýn endurspeglast í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Starfshópurinn leggur til að unnið verði markvisst að því að innleiða þennan nýja skilning í menntun, fræðslu og endurmenntun þeirra fagstétta sem koma að réttarvörslukerfinu. Þá er mikilvægt að efla fræðslu og meðvitund um fordóma, staðalímyndir og forréttindi.

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur sem hefur það hlutverk að skipuleggja menntun og fræðslu um ofangreinda þætti, fyrirkomulag og innihald. Mikilvægt er að fatlað fólk komi með virkum hætti að þeirri vinnu. Helstu tillögur um menntun og fræðslu eru raktar hér fyrir neðan:

#### **1. Fræðsla og menntun – innihald**

- Um Samning SP um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)
- Um félagslegan skilning á fötlun
- Um áherslu á mannréttindi, bann við mismunun á grundvelli fötlunar og jafnrétti fatlaðs fólks til jafns við aðra
- Um fordóma, neikvæðar staðalímyndir og forréttindi
- Um nýja stefnu og lagasetningar um málefni fatlaðs fólks sem ætlað er að innleiða SRFF hér á landi
- Um viðeigandi aðlögun til að tryggja öllum aðgengi að réttlæti
- Um aðferðir við yfirheyrslur og skýrslutökur þegar vitni, gerandi eða brotaþoli nota óhefðbundnar tjáningarleiðir eða eiga erfitt með að tjá sig.

#### **2. Fræðsla og menntun – markhópar**

- Lögregla
- Lögfræðingar og lögmenn
- Saksóknarar
- Dómarar
- Starfsfólk réttarkerfisins, starfsfólk félagsþjónustu og ýmsir sérfræðingar svo sem sálfræðingar og heilbrigðisstarfsfólk sem tengist réttarkerfinu og aðkomu fatlaðs fólks að því.

#### **3. Fræðsla, menntun og endurmenntun faghópa**

- **Grunn- og framhaldsnám í háskólum landsins.** Fræðsla um nútíma áherslur í málefnum fatlaðs fólks, svo sem félagslegan skilning á

fötlun, mannréttindi fatlaðs fólks og samning SP um réttindi fatlaðs fólks þarf að verða hluti af námsefni þeirra stétta sem tengjast aðkomu fatlaðra einstaklinga að réttarkerfinu. Hér er átt við deildir og námsbrautir háskóla sem mennta sérfræðinga og fagfólk sem koma að málefnum fatlaðs fólks innan réttarkerfisins, m.a. nám í lögreglufræðum, lögfræði, félagsráðgjöf, sálarfræði, nám heilbrigðisstétta og víðar.

- **Endurmenntun.** Fræðsla um félagslegan skilning á fötlun, mannréttindi fatlaðs fólks og samning SP um réttindi fatlaðs fólks þarf að verða hluti af fræðslu og endurmenntun fyrir þær fagstéttir sem koma að réttarvörslukerfinu, svo sem lögreglu, lögfræðinga, dómara, saksóknara, starfsfólk félagsþjónustu og aðrar fagstéttir sem starfa innan réttarkerfisins.

#### **iv. Drög að verklagsreglum:**

Markmið þessara verklagsreglna er að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að réttarvörslukerfinu til jafns við ófatlað fólk. Þegar upp kemur grunur um kynferðisbrot og gerandi eða þolandi er fatlaður einstaklingur er mikilvægt að geta aðlagð rannsókn að hverju máli fyrir sig vegna þess að fatlað fólk er margbreytilegur hópur og þarfir hvers og eins mismunandi. Þá er jafnframt mikilvægt að taka ekki völdin af fólki, forðast forræðis- og verndarhyggju og virða vilja og óskir viðkomandi. Góður og vandaður undirbúningur fyrir skýrslutökur í slíkum málum skiptir mjög miklu máli og mikilvægt er að framkvæmdin sé með þeim hætti að sem skýrastur framburður fái.

#### Skilgreining:

Samkvæmt 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er *fötlun* og *fatlað fólk* skilgreint með eftirgreindum hætti:

*Fötlun: Afleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Skerðingar hlutaðeigandi einstaklings eru langvarandi og hindranirnar til þess fallnar að viðkomandi verði mismunandi vegna líkamlegrar, geðrænnar eða vitsmunalegrar skerðingar eða skertrar skynjunar.*

*Fatlað fólk: Fólk með langvarandi líkamlega, geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun sem verður fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra ef aðstoðar nýtur ekki við.*

Þá hefur Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks að geyma skilgreiningu á því til hverra samningurinn tekur í 1. gr. hans. Þar segir að til fatlaðs fólks teljist m.a. þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmis konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

#### Framkvæmd:

- Þegar lögregla hefur rannsókn á kynferðisbroti og grunur vaknar um, eða upplýsingar liggja fyrir um, að sakborningur eða brotapolí séu fatlaðir, þarf að afla eins ítarlegra upplýsinga og mögulegt er um fötlunina. Lögregla getur m.a. aflað upplýsinga hjá hinni fötluðu manneskju sjálfri, hjá réttindagæslumanni fatlaðra á hverju svæði fyrir sig, hjá lækni, félagsþjónustu eða öðrum meðferðaraðila eða hjá fjölskyldu hins fatlaða einstaklings. Þó þarf að gæta þess að málið kann að vera þannig vaxið að ekki sé rétt að afla slíkra upplýsinga hjá fjölskyldumeðlimi t.d. ef hagsmunir hans og hins fatlaða einstaklings fara ekki saman.
- Meta þarf hvort fötlun sakbornings eða brotapóla kalli á sérstakar ráðstafanir af hálfu lögreglu. Meðal annars getur komið til greina að óska eftir því að skýrslutaka verið tekin fyrir dómi á grundvelli c-liðar 59. gr. sml. Þá kann að vera til hagsbóta að taka skýrsluna annars staðar en á lögreglustöð. Ef taka á skýrslu á lögreglustöð skal meta hvort það er gert í sérútbúnu skýrslutökuherbergi þar sem slíkt er fyrir hendi. Þegar um mikla fötlun er að ræða getur komið til greina að rannsakandi hitti hinn fatlaða einstakling áður en formleg skýrslutaka fer fram. Eftir atvikum getur verið nauðsynlegt að rannsakandi fái fræðslu frá fagaðila um fötlun viðkomandi áður en skýrslutaka fer fram eða jafnvel að fagaðili sé viðstaddur skýrslutökuna. Það er þó alltaf rannsakandi sem stýrir skýrslutökunni og spyr spurninga.
- Tryggja þarf aðkomu verjanda og/eða réttargæslumanna á fyrstu stigum. Þegar taka á skýrslu af fötluðum brotapolá skal eftir atvikum bjóða honum að hafa með sér hæfan stuðningsaðila. Gæta þarf þess að stuðningsaðilinn sé ekki vitni í málinu og er hlutverk slíks stuðningsaðila eingöngu að veita andlegan og tilfinningalegan stuðning. Stuðningsaðili getur verið réttindagæslumaður fatlaðs fólks, félagsráðgjafi, annar aðili með sérþekkingu á málefnum fatlaðs fólks eða sem hinn fatlaði treystir.
- Liggja ekki fyrir nýlegar upplýsingar eða mat á fötlun þarf að skoða hvort ástæða sé til þess að óska eftir nýju mati. Jafnframt þarf að meta hvort rétt sé að dómkveðja matsmann í því skyni. Er þetta sérstaklega mikilvægt þegar rannsókn beinist að því hvort fatlaður einstaklingur hefur verið beittur kynferðisbroti með því að misnota sér á einhvern hátt fötlun viðkomandi eða þegar vafi leikur á því hvort sakborningur sé sakhæfur.
- Eftir atvikum er rétt að taka ítarlegar skýrslur af þeim sem standa hinum fatlaða einstaklingi næst til að fá sem besta innsýn í atvik og aðstæður. Þetta geta verið foreldrar og aðrir fjölskyldumeðlimir, starfsfólk í búsetu, ráðgjafar o.s.fr.
- Í þeim tilvikum þar sem fötlun er mikil, sérstaklega þegar um mikla þroskahömlun eða skyldar skerðingar, s.s. einhverfu er að ræða, getur komið til greina að fá réttarsálfræðilegt mat á þroska viðkomandi og



framburði hans.

## 2. Núgildandi löggjöf og verklag

Engin sérákvæði um tilhögun skýrslutöku af viðkvæmum vitnum/sakborningum er nú að finna í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þau ákvæði sem helst koma til skoðunar við rannsóknir sakamála þegar svo háttar til eru 59. gr. og 63. gr. laganna. Ákvæðin eru svohljóðandi:

**59. gr.** *Meðan á rannsókn stendur fer skýrslutaka fram fyrir dómi í eftirgreindum tilvikum:*

*a. af brotþola ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og hann hefur ekki náð 15 ára aldri þegar rannsókn máls hefst,*

*b. af sakborningi, brotþola eða öðrum vitnum ef lögregla telur það nauðsynlegt til þess að upplýsa mál áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess,*

*c. af brotþola eða öðrum vitnum ef þau neita að mæta til skýrslutöku hjá lögreglu eða neita að svara spurningum hennar, ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð málsins eða það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna þeirra, svo sem ef um börn er að ræða.*

*Um skýrslutöku fyrir dómi skv. 1. mgr. gilda ákvæði XV. kafla.*

**63. gr.** *Sá sem gefur skýrslu skv. 61. gr. skal fyrst spurður um nafn, kennitölu og heimili.*

*Skýrslugjafi á rétt á því að fá vitneskju um það, þegar mál er orðið svo skýrt að þess sé kostur, hvort hann er spurður vegna gruns á hendur honum um refsivert brot eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar.*

*Spurningar lögreglu skulu vera skýrar og ótvíræðar. Ekki má rugla skýrslugjafa með ósannindum eða á annan hátt eða beita hann neins konar ólögumætri þvingun í orði eða verki.*

*Ef verjandi er viðstaddur skýrslutöku getur hann beint þeim tilmælum til þess sem skýrslu tekur að skýrslugjafi verði spurður um tiltekin atriði. Á sama hátt getur réttargæslumaður, sem viðstaddur er skýrslutöku, mælst til þess að skjólstæðingur hans verði spurður um tiltekin atriði. Sé ekki farið að slíkum tilmælum eða sjái verjandi eða réttargæslumaður að öðru leyti ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd skýrslutöku í lok hennar.*

*Nú kann skýrslugjafi íslensku ekki nægilega vel og skal þá lögregla kalla til löggiltan dómtúlk eða annan hæfan mann til að annast þýðingu þess sem fram fer. Ef skýrslugjafi er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal lögregla á sama hátt sjá um að kalla til kunnáttumann til aðstoðar. Lögregla ákveður þóknun til handa túlki eða kunnáttumanni og greiðist hún og annar kostnaður vegna starfa þeirra úr ríkissjóði. Um störf þeirra og hæfi gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. eftir því sem við á.*

Ákvæði 59. gr. sml. fjallar um skýrslutökur af vitnum og sakborningum fyrir dómi á meðan á rannsókn máls stendur. Í a-lið 1. mgr. kemur fram að skylt er að taka

skýrslu af barni undir 15 ára aldri sem er brotþoli í kynferðisbroti, fyrir dómi. Samkvæmt c-lið ákvæðisins má taka dómskýrslu af brotþola eða vitnum á rannsóknarstigi ef slíkt er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna þeirra, svo sem ef um börn er að ræða. Ákvæðið er hliðstætt 1. mgr. 74. gr. a í eldri réttarfarzlögum fyrir utan það að aldursmarkið í a-lið var fært úr 18 árum í 15. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 36/1999, þar sem 74. gr. a var bætt við eldri réttarfarzlög, segir m.a. um c-lið ákvæðisins:

*Að lokum geta hagsmunir brotþola eða vitna réttlætt að skýrslur verði teknar af þeim fyrir dómi á rannsóknarstigi til þess að hlífa þeim við því, á sama hátt og þeim börnum sem a-liður 1. mgr. 74. gr. a tekur til, að gefa oftar en einu sinni skýrslu í málinu. Einkum ætti þetta við ef um börn væri að ræða eins og berum orðum er tekið fram í niðurlagi c-liðar 1. mgr. 74. gr. a, en sams konar reglu er t.d. að finna í 2. mgr. 239. gr. norsku laganna um meðferð sakamála.*

Tekin hefur verið skýrsla af fötluðum brotþolum í kynferðisbrotamálum með vísan til c-liðar 1. mgr. 59. gr. laganna í einhverjum málum. Þó virðist ákvæðið frekar vera vannýtt. Rétt er að nefna í þessum sambandi að Hæstiréttur Íslands gerði í nýlegum dómi athugasemd við það að ákvæði hafi ekki verið nýtt til þess að taka skýrslu af fatlaðri konu í máli sem varðaði meint kynferðisbrot bílstjóra hjá ferðapjónustu fatlaðra gegn henni, sjá dóm Hæstaréttar frá 15. júní 2017 í máli nr. 433/2016. Ákærði í málinu var sýknaður en fram kemur í dómi Hæstaréttar um skýrslutöku af brotþola:

*Eins og áður greinir fór aðalmeðferð málsins fram í héraði þegar liðin voru þrjú ár frá því að ætluð brot voru framin. Nokkur þeirra vitna, sem gáfu skýrslu fyrir dómi, báru fyrir sig að muna atvik illa þar sem svo langt var um liðið. Einkum var óljóst hvenær árs brotið var framið og hvenær brotþoli hefði átt að vera komin til sambýlisins að [...] eftir að hafa verið í [...] og þar með hvort ákærði hefði skilað henni seinna en eðlilegt gat talist. Ekki var nýtt heimild c. liðar 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008 til þess að taka skýrslu fyrir dómi af brotþola við rannsókn málsins, sem þó var brýnt vegna þroskaskerðingar hennar. Slík skýrsla hefði verið betur til þess fallin að upplýsa um atvik máls, en sú skýrsla sem tekin var við aðalmeðferðina þremur árum síðar.*

Í 5. mgr. 63. gr. sml. er fjallað um að kalla skuli til túlk t.d. ef skýrslugjafi talar ekki íslensku eða er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli. Í riti Eiríks Tómassonar um sakamálaréttarfar frá 2012 segir að í 5. mgr. 63. gr. sml. sé að finna sérákvæði sem eigi við ef skýrslugjafi á erfitt með að skilja það sem fram fer við skýrslutöku, svo sem ef hann kann „íslensku ekki nægilega vel“. Á sama hátt skuli lögregla kalla til kunnáttumann ef skýrslugjafi er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli.<sup>1</sup> Virðist þannig ákvæðið fyrst og fremst hafa þann tilgang að tryggja, í samræmi við meginreglur réttarfars, að hið sanna og rétta komi fram

---

<sup>1</sup> Eiríkur Tómasson. *Sakamálaréttarfar – rannsókn, þvingunarráðstafanir*. Reykjavík 2012, bls. 102.

við skýrslutöku, þ.e. að skýrslugjafinn skilji hvað spurt er um og geti svarað í samræmi við það.

Á þessu var byggt af hálfu ákærvaldsins í dómi Hæstaréttar í máli nr. 65/2015 frá 13. maí 2015, en þar gerði verjandi athugasemd við það að lögregla leitað liðsinni sálfræðings til að aðstoða við skýrslutöku af konu með þroskahömlun sem hafði kært mann fyrir kynferðisbrot. Ekki er fjallað sérstaklega um þetta atriði í dóminum en þar sem Hæstiréttur gerir ekki athugasemd við framkvæmdina verður það ekki skilið á annan veg en þann að rétturinn líti svo á að þetta sé heimilt.

Við þetta má jafnframt bæta að hlutlægnis- eða sannleiksreglan sem fram kemur í 2. mgr. 53. gr. laganna hlýtur að leiða til þess að við skýrslutökur sé leitast við að fá hið sanna og rétta fram með því m.a. að tryggja að skýrslugjafi geti tjáð sig með skiljanlegum hætti. Ákvæði er svohljóðandi:

**53. gr.** *Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi.*

*Þeir sem rannsaka sakamál skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er.*

*Þeir sem rannsaka sakamál skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakborning eða aðra harðræði umfram það sem lög heimila og nauðsynlegt er til að vinna bug á mótþróa þeirra gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt að beita þá ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.*

Það er hins vegar meginregla samkvæmt 111. gr. laganna að vitnum ber að koma aftur fyrir dóm við aðalmeðferð þó skýrsla hafi verið tekin af þeim fyrir dómi á rannsóknarstigi. Þ.e. þeir skulu koma aftur fyrir dóm ef þess er kostur og annar hvor málsaðila krefst.

**111. gr.** *Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.*

*□Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði, brotþoli eða önnur vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað skv. 59. og 106. gr. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð ef þess er kostur og annar hvor málsaðili krefst eða dómari telur annars ástæðu til. Ef um er að ræða brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotþoli hefur ekki náð 15 ára aldri skal hann þó ekki koma fyrir dóm að nýju nema dómari telji sérstaka ástæðu til. □Nú hefur vitni ekki komið fyrir dóm og þess er ekki kostur við meðferð máls, en skýrsla hefur verið gefin hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum meðan málið var til rannsóknar, og metur dómari þá hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi og hvert það sé.*

Kemur þá til skoðunar hvort skýra beri ákvæðið þannig að fatlaður brotþoli sem hefur gefið skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi á grundvelli c-liðar 59. gr. laganna,

þurfi að koma aftur fyrir dóm við aðalmeðferð málsins. Á þetta reyndi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 615/2016 frá 8. september 2016. Í málinu hafði fatlaður brotþoli í kynferðisbroti gefið skýrslu fyrir dómi við rannsókn málsins á grundvelli ákvæðisins en verjandi ákærða gerði kröfu um það að brotþoli gæfi aftur skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð og var því mótmælt af hálfu ákæruvaldsins og réttargæslumanns. Héraðsdómur og Hæstiréttur féllust á kröfu verjanda og var það rökstutt með eftirfarandi hætti í úrskurði héraðsdóms:

*Brotþolinn A er fædd árið 1990 og er því 26 ára. Samkvæmt læknisvottorði vegna umsóknar um örorkubætur, dags. 9. apríl 2014, sem fylgdi beiðni um skýrslutöku fyrir dómi, er brotþoli töluvert þroskaheft og persónuleikaröskuð. Hún hefur sjúkdómsgreiningarnar mental retardation, persistent mood disorder, personal history of self harm, félagsfælni og kvíðaröskun. Samkvæmt vottorðinu er aðalvandi hennar vitsmunaleg skerðing og viðvarandi andleg vanlíðan með kvíða, þunglyndi og persónuleikaröskun. Hún hefur af þessum sökum ekki verið fær um að stunda neina vinnu á vinnumarkaði án verulegs stuðnings. Samkvæmt tölvuskeyti frá stuðningsfulltrúa hennar, dags. 30. ágúst sl., kemst brotþoli í mikið uppnám þegar hún ræðir mál ákærða og á erfitt með að skilja af hverju hann lætur þær mæðgurnar ekki í friði. Það sé mat stuðningsfulltrúans að brotþoli muni eiga mjög erfitt með að koma aftur fyrir dóm og einnig eiga erfitt með að skilja af hverju hún þurfi að koma aftur fyrir dóminn. Af framangreindu verður ekki ráðið að ástand brotþola sé þannig að hún eigi þess ekki kost, í skilningi 111. gr. laga nr. 88/2008, að koma aftur fyrir dóminn. Þá þykir undantekning 3. málslíðar 2. mgr. 111. gr. ekki geta átt við um brotþolann. Verður því að fallast á kröfu verjanda um að brotþolinn A komi aftur fyrir dóm við aðalmeðferð málsins. Til þess er hins vegar að líta að brotþoli getur skorast undan því að gefa skýrslu með vísan til c-liðar 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008 og þess að réttargæslumaður brotþola hefur boðað að þess verði krafist, að fengnum frekari gögnum, að ákærði víki úr dómsal komi til þess að hún þurfi að koma fyrir dóm við aðalmeðferð málsins.*

Af þessu er ljóst að miðað við núgildandi réttarástand er heimilt að taka skýrslu fyrir dómi af brotþola/vitni sem er með þroskaskerðingu á grundvelli c-liðar 59. gr. sml. en brotþoli/vitni þarf samt sem áður að gefa skýrslu á ný fyrir dómi við aðalmeðferð krefjist aðilar málsins þess.

Að því er varðar tilhögun skýrslutöku af fötluðum brotþola/vitni við aðalmeðferð máls fyrir dómi má líta til reglunnar í 2. mgr. 123. gr. laganna.

**123. gr.** *Dómari getur samkvæmt kröfu ákæranda eða vitnis ákveðið að ákærða verði vikið úr þinghaldi meðan það gefur skýrslu ef dómari telur að nærvera ákærða geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð*

*þess.*  
□Nú er skýrsla tekin af vitni yngra en 15 ára og getur þá dómari kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku. *Ákærandi, ákærði og verjandi hans eiga ekki rétt á að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar*

*þar sem dómþing er háð ef dómari telur að nærvera þeirra geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess. Á sama hátt getur dómari ákveðið að ákærði og málflytjendur skuli víkja úr þinghaldi ef skýrsla er tekin af vitni án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyrenda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr.*

*□Ef ákærða er óheimilt að vera viðstaddur skýrslutöku skv. 1. mgr. eða ákærða og málflytjendum skv. 2. mgr. skal dómari sjá til þess að þeir geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram. Jafnframt er honum rétt að leggja fyrir vitnið þær spurningar sem þeir óska. Dómstólaráð setur nánari reglur <sup>1)</sup> um tilhögun skýrslutöku samkvæmt þessari grein.*

Kemur til skoðunar hvort beita megi þessari reglu með lögjöfnun varðandi fólk með þroskahömlun. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 355/2014 frá 13. nóvember 2014, háttaði þannig til að skýrsla hafði verið tekin af brotþola með venjubundnum hætti á rannsóknarstigi en hún var með mikla þroskaskerðingu. Þegar málið fór fyrir dóm var skýrsla af brotþola tekin í sérútbúnu herbergi í héraðsdómi Reykjavíkur og dómari kallaði til vanan rannsóknarlögreglumann úr kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að aðstoða við skýrslutökuna. Ekki var gerð athugasemd við þetta fyrirkomulag í Hæstarétti.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 113/2016 frá 16. febrúar 2016, var ekki fallist á kröfu réttargæslumanns um að skýrslutaka við aðalmeðferð fyrir dómi af fullorðnum brotþola í kynferðisbroti, færi fram í Barnahúsi. Í dóminum kemur m.a. fram:

*Ákærði hefur samþykkt að víkja úr dómsal á meðan brotþoli gefur skýrslu. Þinghald er lokað skv. a. lið 10. gr. sakamálagaga, en fallist hefur verið á að réttindagæslumaður fatlaðra og systir brotþola, sem jafnframt mun vera kunnáttumaður á sviði fatlaðra, verði brotþola til halds og trausts í dómsal, án þess þó að hún hafi milligöngu um spurningar og/eða svör brotþola. Hefur því verið reynt að koma til móts við þarfir brotþola, um þægilegt og öruggt umhverfi, án þess þó að víkja frá ákvæðum sakamálagaga nr. 88/2008, um fyrirkomulag skýrslutöku af vitnum.*

Dómsólar hafa þannig heimilað ýmsar aðgerðir í því skyni að koma til móts við mismunandi stöðu brotþola/vitna en jafnframt ljóst að mati starfshópsins að gera þarf breytingar á lögum til að tryggja enn betur réttindi fatlaðra einstaklinga, hvort sem um er að ræða sakborninga eða brotþola eins og lagt er til í kafla 1.

Í tengslum við vinnu starfshópsins var send fyrirspurn í tölvupósti til allra lögregluembættu landsins sem annast rannsóknir kynferðisbrotamála og óskað eftir upplýsingum um hvernig viðkomandi embætti standa að skýrslutökum af fötluðum sakborningum eða brotþolum þegar mál eru á rannsóknarstigi, þ.e. umfram það sem gert er þegar um ófatlaða aðila er að ræða.

Svör einstakra embættu eru birt sem fylgiskjöl við skýrslu þessa. Af svörum embættanna má ráða að engin ákveðin samræming er í gildi að því er varðar verklagið. Þó voru nokkur atriði sem öll embættin hafa hugað að þegar kemur að skýrslutökum í þessum málum:

### **Hljóð og mynd/réttargæslumenn og verjendur – öll embætti**

Skýrslutökurnar eru að öllu jöfnu teknar upp í hljóði og mynd, gætt var að tilnefningu réttargæslumanna og verjanda og rétti þeirra til að vera viðstaddir skýrslutökurnar.

### **Yfirheyrslur utan lögreglustöðva – nokkur embætti**

Nokkur embætti tóku skýrslur utan lögreglustöðva ef það var talið betra (Suðurland, Vesturland, LRH, Vestmannaeyjar og Vestfirðir)

### **Upplýsingaöflun eða skýrslutökur af nákomnum – eitt embætti**

Ekki var í verklagi sem regla að viðtöl/skýrsla væru teknar af þeim sem eru nákomnir fötluðum málsaðila fyrir skýrslutöku af málsaðilanum sjálfum. (Suðurland þó með það inni öllu jöfnu)

### **Réttindagæslumenn – nokkur embætti**

Nokkur embætti voru með í verkferlum að vinna að málum með eða í samráði við réttindagæslumenn samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 (Suðurland, Vesturland, Austurland, Norðurland eystra)

### **Gögn um fötlun í nútíð eða sálræn áhrif eftir meint brot – þrjú embætti**

Þrjú embætti voru með í verkferlum að afla nýrra gagna eða greininga hvað varðar fötlun (Suðurlands, Austurland og Norðurland eystra)

### **Aðstoð við skýrslutökur – nokkur embætti**

Nokkur embætti voru með í verkferlum að hafa aðila með sérþekkingu til aðstoðar við yfirheyrslur (Suðurland, Austurland, LRH, Vestmanneyjar og Norðurland eystra).

Af þessu er ljóst að gera má mun betur hvað varðar það að samræma verkferla milli lögregluembættanna þar sem mismunandi er hvernig staðið er að rannsóknum sakamála þar sem fatlaðir eiga í hlut.

Öll embættin gæta að grunnatriðum s.s. tilnefningum réttargæslumanna og verjanda.

Þó er misjafnlega lagt uppúr sértækum nálgunum þegar fatlaðir eiga í hlut.

## **3. Tölfræði**

Samkvæmt upplýsingum starfshópsins hefur ekki verið haldið sérstaklega utan um tölfræði að því er varðar kynferðisbrot gegn fötluðum einstaklingum eða framin af fötluðum einstaklingum. Árið 2015 var hins vegar gerð sú breyting á skráningum í lögreglukerfið (LÖKE) að nú er við skráningu brota á 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða mál sem varða misnotkun á rænuleysi eða að notfæra sér geðsjúkdóm eða andlega fötlun þolanda. Frá þeim tíma er því hægt að kalla fram upplýsingar úr kerfinu um fjölda

nauðgunarmála þar sem brotapolí er fatlaður og grunur um að gerandi hafi nýtt sér þá fötlun til að ná fram kynmökum. Að öðru leyti er ekki hægt að fá fram upplýsingar um kynferðisbrot gegn eða framin af fötluðum einstaklingum nema fara handvirkt í gegnum öll kynferðisbrot. Starfshópurinn bendir á að mjög bagalegt sé að þessi tölfraedi liggi ekki fyrir og leggur til að gerðar verði breytingar á lögreglukerfinu og verklagi þannig að sérstaklega verði haldið utan um kynferðisbrot gegn fötluðum einstaklingum og framin af þeim. Er þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi þess rannsóknir hafa sýnt að fatlaðir einstaklingar eru útsettari fyrir slíkum brotum en ófatlaðir og mikilvægt að hafa yfirsýn yfir umfangið. Þá má benda á að samkvæmt 31. gr. SRFF er sú skylda lögð á aðildarríki að safna viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. hagtölum og rannsóknargögnum, sem gera þeim kleift að móta og framfylgja stefnu, samningnum til framkvæmdar.

#### **4. 13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**

Samkvæmt skipunarbréfi er starfshópnum ætlað við vinnu sína að hafa hliðsjón m.a. af 13.gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

##### *Ísland og fullgilding Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var samþykktur 13. desember 2006. Markmið samningsins er að stuðla að, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og að jöfnu allra mannréttinda og mannfrelsis og að stuðla að virðingu fyrir eðlislægri reisn þess. Samkvæmt samningnum teljast til fatlaðs fólks m.a. þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og virka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

Ísland undirritaði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 30. mars 2007 og fullgilti hann 23. september 2016. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 30 dögum síðar (Stjórnartíðindi C 5/2016). Frá þeim degi er Ísland skuldbundið að uppfylla skuldbindingar samningsins. Sú skuldbinding nær meðal annars til allra opinberra stofnana. Þegar alþjóðasamningur skyldar aðildarríki til að haga landslöggjöf á tiltekinn hátt hvílir sú þjóðréttarlega skuldbinding á aðildarríki að uppfylla þá skyldu, - innanlandslöggjöf getur aldrei verið afsökun fyrir að uppfylla ekki alþjóðlega skuldbindingu.

4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra áréttar að aðildarríki skuldbindi sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar. Samkvæmt 4. gr. samningsins skuldbinda aðildarríkin sig í þessu skyni meðal annars til: a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnarsýslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum verði að veruleika; b) og að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum,

venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin.

Við undirbúning fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var farin sú leið að aðlaga íslenska löggjöf að skuldbindingum samningsins. Alþingi samþykkti 11. júní 2012 framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks til ársins 2014. Á grundvelli hennar leiddi innanríkisráðuneytið samstarfsnefnd ráðuneyta en einnig var haft samráð við hagsmunaaðila. Ítarleg greining á ákvæðum samningsins fór fram og á grundvelli þeirrar greiningar voru útbúin ýmis frumvörp til laga sem ætlað var að aðlaga íslenska löggjöf að tilteknum ákvæðum samningsins.<sup>2</sup> Í greinargerð Innanríkisráðuneytis um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, frá 23. apríl 2013, er gerð grein fyrir þeim málaflokkum þar sem talin er þörf á lagabreytingum og framkvæmd vegna aðildar að samningnum.<sup>3</sup> Greinargerðin telur að huga þurfi að ákvæðum laga um meðferð einkamála nr. 97/1991 og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 með hliðsjón af ákvæðum sáttmálans um aðkomu fatlaðs fólks að réttarkerfinu.

Mikilvægt er að hafa í huga að það er viðurkennd regla að íslenskum rétti að skýra skuli lög til samræmis við alþjóðasamninga, sem ríkið hefur fullgilt, eftir því sem kostur er, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 177/1998, 177/1998, 12/2000 og 125/2000. Þá hefur samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verið gefin sterk staða í íslenskum lögum. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, sbr. lög 152/2010, skal við framkvæmd laganna taka mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Að sama skapi, samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu skal við framkvæmd laganna tekið mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Þá er rétt að hafa í huga að aðgangur fatlaðra einstaklinga að réttarkerfinu er einnig tryggður í öðrum alþjóðasamningum, sbr. t.d. 6. og 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

### *13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgang að réttarvörslukerfinu*

13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks tryggir sérstaklega aðgang fatlaða að réttarvörslukerfinu:

#### *Aðgangur að réttarvörslukerfinu.*

---

<sup>2</sup> Sjá tillögu til þingsályktunar um fullgildinu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Alþt. 2015-2016, þskj. 1637 – 865. mál.

<sup>3</sup> Aðgengileg á <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2015/lokaeintak-af-greinarger-d-fylgiskjal-2.pdf>



1. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttarvörslukerfinu til jafns við aðra, meðal annars með því að laga málsmeðferð alla að þörfum þess og taka tilhlýðilegt tillit til aldurs viðkomandi, í því skyni að gera því kleift að gegna hlutverki sínu með virkum hætti sem beinir og óbeinir þátttakendur, þar með talið sem vitni, í öllum málarekstri, einnig á rannsóknarstigi og öðrum undirbúningsstigum.

2. Í því skyni að stuðla að því að tryggja megi fötluðu fólki virkan aðgang að réttar vörslukerfinu skulu aðildarríkin stuðla að viðeigandi fræðslu og þjálfun fyrir það fólk sem starfar á sviði réttarvörslu, einnig fyrir lögreglumenn og starfsfólk fangelsa.

Ákvæðið tengist einnig öðrum ákvæðum samningsins, m.a. 12. gr. um réttarstöðu til jafns við aðra. Í almennum leiðbeiningum eftirlitsnefndar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs um 12. gr. kemur fram frekari túlkun á 13. gr. samningsins.<sup>4</sup> Það er meðal annars lögð áhersla á það að til þess að fatlaðir geti notið jafnræðis fyrir dómstólum verða þeir að njóta viðurkenningar sem persóna að lögum, hafa aðgang að fyrirsvari lögmanns til jafns við aðra. Eftirlitsnefndin telur að sérstaklega þurfi að tryggja það að þeir einstaklingar sem upplifi afskipti af gerhæfi sínu hafi tækifæri til þess sjálfir, eða með aðstoð lögmanns, til að mótmæla slíkum afskiptum og verja réttindi sín fyrir dómstólum. Þá er bent á að það að fötluðum einstaklingum hafi oft verið haldið frá mikilvægum störfum í réttarkerfinu, meðal annars sem lögmennt, dómarmar, vitni og meðlimir kviðdóma. Einnig þurfi að tryggja það að lögreglumenn, starfsfólk í félagsþjónustu og aðrir sem hafa fyrstu samskipti við fatlaða einstaklinga viðurkenni þá einstaklinga sem fullgildar persónur fyrir lögunum og meti kvartanir þeirra og yfirlýsingar til jafns og frá ófötluðum einstaklingum. Þetta krefjist þjálfunar og vitundarvakningu meðal þessara fagstétta. Fötluðum einstaklingum skal tryggður lagalegur réttur til að bera vitni til jafns við aðra. Ákvæði 12. gr. tryggir aðstoð til að njóta þess lagalega réttar, m.a. til að bera vitni fyrir dómstólum, stjórnvöldum eða annarri lagalegri málsmeðferð. Sú aðstoð geti verið á ýmsan máta, m.a. viðurkenning á fjölbreytilegum tjáningaraðferðum, heimild til vitnisburðar með myndbandsupptöku í vissum aðstæðum, aðlögum málsmeðferðarreglna, notkun faglegrar táknmálstúlkunar og annarra aðferða. Þá þurfi að þjálfar starfsfólk dómstóla og þeim kynntar skuldbindingar sínar að viðurkenna gerhæfi fatlaðra einstaklinga, m.a. hvað varðar hæfi og aðild.

Framangreind túlkun eftirlitsnefndarinnar á 13. gr. samningsins birtist einnig í niðurstöðum hennar í kærumálum einstaklinga til nefndarinnar. Þar hefur hún meðal annars talið að skortur á táknmálstúlkun þjónustu hafa brotið á 1 mgr. 13.

---

<sup>4</sup> Nefnd um réttindi fólks með fötlun, General Comment No. 1 (2014), UN Doc. CRPD/C/GC/1, 19. maí 2014.

gr. samningsins (bæði sjálfstætt og í tengslum við 3., 5. og 29. gr sáttmálans).<sup>5</sup> Þá hefur nefndin talið það brot á 13. gr. samningsins að einstaklingur með þroskafrávik hafi ekki fengið tækifæri til að njóta þess réttar að lýsa yfir sakleysi sínu og fá skorið úr um sekt eða sakleysi sínu fyrir dómstólum, og njóta þannig aðgangs að réttinum og réttlátrar málsmeðferðar (var jafnframt talið brot á 2. og 3. mgr. 12. gr.).<sup>6</sup> Í nýlegri niðurstöðu eftirlitsnefndarinnar er lýst yfir áhyggjum af skorti á kerfisbundinni aðlögun fyrir fatlaða einstaklinga í réttarhöldum og fordómum innan viðkomandi dómstóla gagnvart fötluðum einstaklingum, meðal annars hjá lögmonnum. Var viðkomandi ríki ráðlagt að ráða bót á þessu með kerfisbreytingu og þjálfun. Eftirlitsnefndin benti jafnframt viðkomandi ríki á að hafa hliðsjón af 13. gr. samningsins við innleiðingu á Heimsmarkmiðunum (e. Sustainable Development Goals).<sup>7</sup> Eftirlitsnefndin hefur í álitum sínum um skýrslur Danmerkur og Svíþjóðar gert athugasemd við að löggjöf þar heimili enn staðgengilskerfi (e. substitute decision-making) sem sé ekki í samræmi við 12. gr. sáttmálans, og komi meðal annars í veg fyrir að einstaklingar geti nýtt rétt sinn til að hafa aðgang að réttarkerfinu.<sup>8</sup>

## 5. Fræðileg umfjöllun um þolendur og gerendur

Mikilvægt er að fólk sem starfar innan réttarvörslukerfisins og sérstaklega rannsakendur hafi þekkingu á og taki tillit til ólíkra þarfa fólks vegna fjölbreytileikans. Á það sérstaklega við þegar mál varða einstaklinga með skerðingar á borð við þroskahömlun, einhverfu, sjón- eða heyrnarskerðingu eða geðræna sjúkdóma og tryggja þarf að viðkomandi einstaklingar njóti viðeigandi aðlögunar og að þörfum þeirra sé mætt. Þá er einnig mikilvægt að starfsfólk innan réttarvörslukerfisins sé meðvitað um fordóma, staðalímyndir og forréttindi svo að gamaldags og jafnvel úreltar hugmyndir um fatlað fólk hindri ekki aðgengi þess að réttarkerfinu heldur að réttarkerfið aðlagi sig að ólíkum þörfum ólíkra einstaklinga og hópa.

### *Andlegir annmarkar og yfirheyrslur*

Þroskahömlun einkennist fyrst og fremst af frávikum í vitsmunaproska og aðlögunarfærni. Við greiningu á þroskahömlun á Íslandi og í Bretlandi er stuðst við flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ICD 10. Þroskahömlun er metin með stöðluðum greindarprófum og mati á aðlögunarfærni. Samkvæmt þessu flokkunarkerfi er þroskahömlun skipt í fjögur stig: væg þroskahömlun (greindarvísitala 50-69), miðlungs þroskahömlun (greindarvísitala 35-49), alvarleg þroskahömlun (greindarvísitala 20-34) og djúp þroskahömlun, (greindarvísitala <20).<sup>9</sup> Í sumum réttarkerfum eins og t.a.m. í Bretlandi er veitt

<sup>5</sup> Nefnd um réttindi fólks með fötlun, CRPD/C/15/D/11/2013, 8. mgr., sama CRPD/C/15/D/13/2013, 8. mgr.

<sup>6</sup> Nefnd um réttindi fólks með fötlun, CRPD/C/16/D/7/2012 frá 2. september 2016.

<sup>7</sup> Nefnd um réttindi fólks með fötlun, CRPD/C/LVA/CO/1, frá 10. október 2017.

<sup>8</sup> Denmark: CRPD/C/DNK/CO/1, 30. október 2014, 12. maí 2014, Sweden: CRPD/C/SWE/CO/1.

<sup>9</sup> Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins: <http://www.greining.is/fagsvid/fagsvid-throskahamlana/um-throskahamlun/>. Skoðað 15. mars 2012.

sérstök aðstoð fyrir einstaklinga með þroskahömlun. Hins vegar er algengt að fólk með væga þroskahömlun viðurkenni ekki að það búi við einhvers konar greindarskerðingu, en það getur leitt til þess að það fái ekki þann stuðning sem það þarf við vitnaleiðslur o.fl.<sup>10</sup>

Áhrif þessara frávika í vitsmunaproska og aðlögunarfærni þegar kemur að því að bera vitni fyrir dómi geta verið margvísleg. Rannsóknir hafa t.d. sýnt að einstaklingar með þroskahömlun hafa tilhneigingu til að sýna meiri fylgispekt (þ.e. segja já við spurningum sem gera ráð fyrir já eða nei svari, óháð innihaldi þeirra) og veiti falskar játningar heldur en einstaklingur sem ekki eru með þroskahömlun. Einstaklingar með þroskahömlun eru jafnframt líklegri til að vera undirlátssamir á þann hátt að þeir segja eða gera það sem þeir halda að ætlast sé til af þeim, óháð þeirra eigin viðhorfum auk þess að vera sefnæmari og viðkvæmari fyrir því að láta undan þrýstingi, þ.e. láta afvegaleiða sig með leiðandi spurningum eða breyta svörum sínum í kjölfarið á pressu við yfirheyrslu. Til að bregðast við þessu skiptir oft máli hvernig spurningarnar eru settar fram. Mikilvægast er að hafa spurningar einfaldari og lokaðar en ekki leiðandi þannig að fólk geti rifjað upp atburð sem það á erfitt með að orða.<sup>11</sup> Þá þarf að vera ljóst að það sé í góðu lagi að svara „ég veit það ekki“. Þá benda rannsóknir til þess að þegar svona vönduðum yfirheyrsluáðferðum er beitt eru mestar líkur á að náð sé fram mestum upplýsingum frá einstaklingum með þroskahömlun.<sup>12</sup> Það getur verið flókið fyrir alla sem ekki hafa sérstaka þekkingu á réttarkerfinu að skilja lögfræðihugtök og framvindu máls fyrir dómi, en það er oft sérstaklega óaðgengilegt fyrir fólk með þroskahömlun. Bent hefur verið á að ekki fæst fram hinn raunverulegi skilningur þess ef það er spurt um merkingu tiltekins hugtaks heldur er betra að biðja það að útskýra hugtökin sjálft, með eigin orðum.<sup>13</sup>

### *Trúverðugleiki*

Þegar trúverðugleiki framburðar er metinn er nauðsynlegt er að líta til tveggja meginþátta. Í fyrsta lagi er það hæfni vitnisins til að gefa áreiðanlegar upplýsingar (e. ability). Þá er horft til atriða á borð við minni, vitsmunalegan þroska s.s. greind, minnisgetu og tilhneigingu til að ýkja, persónuleikaeinkenni s.s. geðnæmi, eftirlátssemi og undirgefni og svo andlegt ástand s.s. kvíða, þunglyndi, sektarkennd, áfallastreituröskun, áfallakreppu og fráhvörf vegna vímueggjafa. Í öðru lagi er horft til vilja vitnisins til að greina satt og rétt frá (e. willingness) sem felst í að meta vilja vitnis til að blekkja aðra t.d. með því að leynd eða gefa falskar

---

<sup>10</sup> Heaton-Armstrong, A., Shepherd, E., Gudjonsson, G., and Wolchover, D. (2006) Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives. Oxford. Oxford University press, bls. 44-45.

<sup>11</sup> Sari K. Biklen & Charles R. Moseley (1988). "Are you Retarded?" "No I am Catholic": Qualitative Methods in the Study of People with Severe Handicaps. *Journal of the Association for Persons with Severe Handicaps* 13(3), 155-163. Sjá einnig skrif Tim & Wendy Booth, frá Sheffield Univ., sem hafa skrifað mikið um rannsóknir með fólki með þroskahömlun.

<sup>12</sup> Heaton-Armstrong, A., Shepherd, E., Gudjonsson, G., and Wolchover, D. (2006) Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives. Oxford. Oxford University press, bls. 50-51.

<sup>13</sup> Sama heimild, bls. 53.

upplýsingar og svo leggja mat á sjálfsblekkingu vitnis sem t.d. er í afneitun og ekki tilbúið til að horfast í augu við raunveruleikann eða tilfinningar sínar.<sup>14</sup>

Við mat á trúverðugleika er einnig horft til ytri þátta eins og yfirheyrslu lögreglu sem er órjúfanlegur þáttur í rannsókn sakamála. Lögreglu ber að forðast að spyrja leiðandi spurninga og beita harðræði. Hafa þarf í huga andlegt ástand vitnisins, aldur þess og þroska. Þá þarf sá sem yfirheyrir að gera sér grein fyrir veikleikum þess sem verið er að yfirheyra s.s. hvort auðvelt sé að leiða vitnið, trúgirnir þess o.s.frv.<sup>15</sup>

### *Falskar játningar*

Til að um falska játningu sé að ræða þá verður sakborningur að játa á sig brot sem hann framdi ekki eða játa á sig meiri hlutdeild í broti en þáttur hans var. Margar ástæður geta leitt til falskra játninga og oft getur verið um að ræða samspil margra þátta. Sett hefur verið fram sú kenning að hægt sé að skipta fölskum játningum í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða sjálfviljugar falskar játningar (e. voluntary false confessions), það eru játningar sem koma fram án ytri þrýstings lögreglu. Það getur verið í tilvikum þegar aðili kemur sjálfviljugur til lögreglu og játar á sig brot sem hann hefur ekki framið. Talið er að sjálfviljugar játningar stafi yfirleitt af athyglispörf sakbornings, löngun til að vera þekktur, til að vernda þann sem framdi glæpinn, eða vegna undirliggjandi geðveilu sem getur meðal annars birst í þörf fyrir refsingu, hefnd eða erfiðleikum með að greina á milli veruleika og ímyndunar. Í öðru lagi er um að ræða þvingaða undanlátssemi sem leiðir til falskrar játningar (e. coerced compliant false confessions) og verður slík játning til vegna ytri þrýstings frá lögreglu við yfirheyrslu. Þá veit sakborningur að hann framdi ekki brotið en lætur undan þrýstingi frá lögreglu því hann telur sig græða á því, t.d. að sleppa úr yfirheyrslu, við gæsluvarðhald eða sleppa úr aðstæðunum. Í þriðja lagi er um að ræða þvingaða sannfæringu sem leiðir til falskar játningar (e. coerced-internlized false confessions). Þá fer sakborningur að trúá því að hann hafi framið brot sem hann man ekki eftir. Þetta getur til dæmis gerst þegar sakborningur þjáist af minnisleysi vegna vímuefnaneyslu eða áfalls. Jafnframt þegar sakborningur veit að hann framdi ekki verknaðinn sem hann er sakaður um en fer að efast um minni sitt og trúá sekt sinni vegna þrýstings frá lögreglu við yfirheyrslu. Samspil ákveðinna veikleika í persónuleika einstaklings getur átt þátt í að sumir gefi falska játningu en aðrir ekki. Rannsóknir á íslenskum föngum hafa sýnt að þeir sem hafa játað falskt séu ekki eins félagsmótaðir og aðrir og virðast þeir vera harðlyndari og tilfinningasamari. Þá virðast þeir marktækt vera undanlátssamari. Fangar sem játa falskt eru haldnir meiri persónuleikaröskun en aðrir fangar og eigi einnig við meiri fíkniefnavanda að etja.<sup>16</sup>

<sup>14</sup> Anthony Heaton-Armstrong, (eds) Gísli Guðjónsson, (eds) og fl. *Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives* (Oxford University Press, USA 2006) 62-63.

<sup>15</sup> Gísli H. Guðjónsson, „Psychological vulnerabilities during police interviews. Why are they important?“ (2010) 166. *Legal and Criminological Psychology*, 15.

<sup>16</sup> Emil Einarsson, Líðan og persónuleikaeinkenni grunaðra, vitna og kæranda og viðhorft þeirra til starfshátta lögreglu. (2002) 15. skoðað 14. mars 2012 af <http://www.logreglan.is/upload/files/ES2.pdf>.

### *Yfirheyrslur*

Þegar yfirheyrslur fara fram er horft til þess hvort sakborningur fékk að sofa á milli, hversu langan tíma yfirheyrslur tóku og hvernig spurningar voru lagðar fram. Einnig er horft til þess hvort yfirheyrslan fari fram í upptöku, hljóð eða mynd. Áður var talið að einstaklingar með mikla greindarskerðingu eða geðsjúkdóma væru þeir sem gæfu falskar játningar. En rannsóknir hafa sýnt að einstaklingar með góða greind og heilbrigðir á geði geta játað falskt ef þeir eru viðkvæmir, þola illa gæsluvarðhald eða stöðugar yfirheyrslur.<sup>17</sup>

### *Réttindagæslukerfið*

Í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 (hér eftir réttgl.) kemur fram í 3. mgr. 1. gr. að markmið laganna sé að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning við gæslu réttinda sinna og tryggja að sjálfsákvörðunarréttur fatlaðs fólks sé virtur og fyllsta réttaröryggis gætt þegar brýna nauðsyn ber til að grípa inn í líf þess.

Kveðið er á um það í 4. mgr. 1. gr. að við framkvæmd þeirra skuli tekið mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í samningsferli réttindagæslulaganna var meðal annars tekið mið af 12. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks og töldust lögin mikilvægur þáttur í því ferli að innleiða meginreglur samningsins í íslensk lög.<sup>18</sup>

Í 4. gr. réttgl. er farið yfir fyrirkomulag réttindagæslu fyrir fatlað fólk en á landinu starfa svæðisbundnir réttindagæslumenn sem hafa það hlutverk skv. 5. gr. að fylgjast með högum fatlaðs fólks á sínu svæði og vera því innan handar við réttindagæslu hvers konar. Í 1. mgr. 6. gr. réttgl. er kveðið á um almenna tilkynningaskyldu til réttindagæslumanns ef fólk hefur ástæðu til að ætla að brotið sé á rétti fatlaðs einstaklings. Þá getur fatlaður einstaklingur sjálfur tilkynnt til réttindagæslumanns ef hann telur réttindi sín fyrir borð borin. Segir í greininni að réttindagæslumaður skuli veita hinum fatlaða einstaklingi stuðning og kanna málið að höfðu samráði við hann. Þá getur réttindagæslumaður einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði. Í 2. mgr. 6. gr. er fjallað um þau úrræði sem réttindagæslumaður hefur í þeim tilvikum en hann getur komið ábendingum um úrbætur á framfæri við hlutaðeigandi aðila og verði aðili ekki við því, kært málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála eigi það þar undir. Réttindagæslumaður skal vera hinum fatlaða einstaklingi innan handar við slíkan rekstur máls, sé þess óskað. Í 3. mgr. 6. gr. kemur fram að það sé réttindagæslumanns að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé að tilkynna mál til ráðuneytisins.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. réttgl. á fatlað fólk rétt á persónulegum talsmanni ef það vegna fötlunar sinnar á erfitt með að gæta hagsmuna sinna sjálft. Gengið er út frá því að fatlað fólk velji sjálft þann sem veitir aðstoðina en geti óskað eftir samráði við réttindagæslumann þar um. Réttindagæslumaðurinn staðfestir valið

<sup>17</sup> Gísli Guðjónsson, „Flestir geta játað falskt“ (2011) (11) 12-14 Læknablaðið

<http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1535/PDF/u06.pdf>. Skoðað 10. mars 2012.

<sup>18</sup> Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1252 — 728. mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

og geymir undirritað samkomulag milli hins fatlaða einstaklings og persónulegs talsmanns sem varðar umfang þeirrar aðstoðar sem talsmaðurinn skal veita.

Starfshópurinn vekur athygli á því að kröfur 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks ganga lengra en 7. gr. nógildandi réttgl. sem á þó að taka mið af fyrrgreindri 12. gr. Í 7. gr réttgl. er talað um að hafa „hagsmuni“ fatlaðs fólks að leiðarljósi, sem flestir túlka út frá „það sem viðkomandi er fyrir bestu“ (e. best interest). Í 4.tl. 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um að hafa skuli „réttindi, vilja og óskir“ (e. rights, will and preference) fatlaðs fólks að leiðarljósi og hefur eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna með samningnum talað sterklega gegn „best interest“ áherslum, sem fram til þessa hafa iðulega leitt til þess að vilji og óskir fatlaðs fólks eru ekki virt heldur teknar ákvarðanir fyrir hönd þess um það sem aðrir telja þeim vera fyrir bestu.<sup>19</sup> Þessu telur starfshópurinn brýnt að ráða bót á.

Í þeim tilvikum þegar réttindagæslumaður telur að einstaklingur geti ekki tjáð vilja sinn varðandi val á persónulegum talsmanni skal haft samráð við nánustu ættingja þar um. Þá er jafnframt heimilt í sérstökum tilvikum að víkja frá skilyrði um undirritun að því gefnu að réttindagæslumaður sé viðstaddur og farið sé eftir skilyrðum í reglugerð hvað þetta varðar. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um persónulega talsmenn fatlaðs fólks nr. 972/2012 getur réttindagæslumaður undirritað samkomulagið fyrir hönd hins fatlaða einstaklings í þeim tilvikum og gildir það jafnvel þar sem ljóst er að fatlaður einstaklingur skilji ekki hvað felst í samkomulaginu.

Ljóst er að hlutverk réttindagæslumanna og persónulegra talsmanna er mikið þegar kemur að því að fylgjast með högum fatlaðs fólks og aðstoða það við að gæta réttar síns. Ákvæði réttindagæslulaga eru ekki skýr hvað varðar aðkomu þessara aðila í málum sem koma inn á borð lögreglu þegar um er að ræða fatlaða sakborninga og/eða brotþola. Er mikil þörf á að skýra heimildir réttindagæslumanna og eftir atvikum, persónulegra talsmanna til að tryggja réttaröryggi fatlaðs fólks innan refsivörslukerfisins.

## **6. Fræðsla, menntun og endurmenntun**

Undanfarin ár hefur orðið grundvallarbreyting í sýn og skilningi á fötlun. Þessi breyting einkennist af því að hafna einhliða læknisfræðilegum og líffræðilegum skilningi á fötlun sem skilgreinir fötlun eða skerðingu sem „galla“ eða „afbrigðileika“ sem býr innra með einstaklingnum. Í stað þess er áhersla á félagslegan skilningi á fötlun, þar sem bent er á að samfélagslegar hindranir eigi stóran þátt í að skapa fötlunina, og að fötlun verði til í samspili einstaklinga með skerðing og samfélagslegra hindrana sem koma í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttök til jafns við aðra. Áhersla er jafnframt á mannréttindi fatlaðs

---

<sup>19</sup> Committee on the Rights of Persons with Disabilities, 2014

fólks. Þennan nýja grundvallarskilning á fötlun er að finna í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.<sup>20</sup>

Í vinnu starfshópsins hefur komið fram að lítil þekking er á nýrri hugmyndafræði og nýjum mannréttindasáttmála innan réttarkerfisins. Starfshópurinn telur brýnt að unnið verði markvisst að því að innleiða þennan nýja skilning í menntun, fræðslu og endurmenntun þeirra faghópa sem koma að réttindakerfinu.

### *Innihald fræðslu, menntunar og endurmenntunar*

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks felur í sér nýjar alþjóðlegar skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist með því að fullgilda mannréttindasáttmálann í september 2016. Íslensk stjórnvöld hafa markað nýja stefnu og unnið að lagasetningum með það að markmiði að innleiða ákvæði samningsins hér á landi. Nú þegar hefur Alþingi (í maí 2017) samþykkt þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021, sem hefur m.a. það markmið að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá samþykkti Alþingi þann 26. apríl 2018 tvö lagafrumvörp sem ætlað er að innleiða ákvæði samningsins í íslensk lög. Þar ber hæst lög um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lög nr. 37/2018 um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en lögin taka gildi 1. október 2018. Í þessum lögum er mörkuð stefna og lagður formlegur grundvöllur að nýjum áherslum og nýrri nálgun í allri þjónustu við fatlað fólk, ekki síst fólk með þroskahömlun og aðra sem hafa „miklar stuðningsþarfir“.

Mikilvægt er að allir þeir sem tengjast réttarvörslukerfinu þekki Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og ákvæði hans af þeirri dýpt og áherslu sem nauðsynleg er til leggja hann til grundvallar, beita honum og virkja hann í málum sem snúa að fötluðu fólki. Sérstaklega er mikilvægt að þeir faghópar og einstaklingar sem koma að kynferðisbrotamálum þar sem fatlað fólk á í hlut fái fræðslu um þá nútíma hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks sem samningurinn byggir á. Eins og ítarlega er gerð grein fyrir í kafla 4 er samningurinn víðtækur mannréttindasáttmáli, sem felur í sér grundvallarreglur og skyldur ríkja, grundvallandi réttindi s.s. jafnrétti og bann við mismunun (5.gr), réttarstöðu til jafns við aðra (12.gr), aðgengi að réttarkerfinu (13.gr) og frelsi frá misnotkun, ofbeldi og misþyrmingum (16.gr). Það er einnig skilgreint hvað felst í „viðeigandi aðlögun“ og „mismunun vegna fötlunar“ (2.gr). Í samningnum er því að finna grundvallandi afstöðu til meðferðar mála sem snúa að fötluðu fólki sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist og allir sem koma að málum fatlaðs fólks þurfa að tileinka sér, ekki síst þeir sem starfa innan réttarvörslukerfisins.

Í 3.gr samningsins eru settar fram almennar meginreglur samningsins, þar segir:

#### **Meginreglur samnings þessa eru eftirfarandi:**

- a) virðing fyrir eðlislægri mannlegri reisn, sjálffræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga,

---

<sup>20</sup> Degener, 2016; Quinn 2009

- b) bann við mismunun,
- c) full og virk þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar,
- d) virðing fyrir fjölbreytileika og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni,
- e) jöfn tækifæri,
- f) aðgengi,
- g) jafnrétti á milli karla og kvenna,
- h) virðing fyrir getu fatlaðra barna sem þróast og breytist og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína,

Þær grundvallarreglur sem kveðið er á um í 3.gr samningsins svo og aðrar greinar hans sem kveða á um þá þætti sem taldir eru upp hér að framan þurfa að liggja til grundvallar menntun og fræðslu.

Mikið hefur verið skrifað um þennan nýja mannréttindasáttmála og fyrirliggjandi mikið og hratt vaxandi magn af fræðilegu og hagnýtu efni um hann og innleiðingu hans, bæði almennt<sup>21</sup> og innan réttindavörslukerfisins.<sup>22</sup> Það er því mikið til af efni sem unnt er að styðjast við varðandi menntun, fræðslu og endurmenntun.

Í menntun, fræðslu og endurmenntun þarf jafnframt að leggja áherslu á þætti sem kveða á um viðeigandi aðlögun á öllum sviðum til að tryggja öllum aðgengi að réttarkerfinu. Þar á meðal er fræðsla um aðstæður og aðbúnað sem þarf til að sumt fatlað fólk finni sig öruggt og um aðferðir við yfirheyrslur og skýrslutökur þegar vitni, gerandi eða brotapolí nota óhefðbundnar tjáningarleiðir eða eiga erfitt með að tjá sig um vilja sinn, ákvarðanir og óskir.

Í 12. grein samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um að „fatlað fólk njóti gerhæfis til jafns við aðra á öllum sviðum lífsins“ (2. mgr. 12. gr.). Þar er jafnframt ákvæði um að „Aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að þeim stuðning sem þar kanna að þarfnast þegar það nýtir sér geræfi sitt“ (3. mgr. 12. gr.). Mikilvægt er að efla fræðslu um þessi atriði en undanfarin ár er vaxand fjöldi rannsókna og rita um gerhæfi fatlaðs fólks og stuðning við ákvarðanatöku<sup>23</sup> og um aðferðir til að túlka vilja og óskir fólks sem eiga erfitt með að tjá sig á hefðbundinn máta<sup>24</sup>. Eins og fjallað hefur verið um hér að ofan þá hefur eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna með SRFF gefið út almennar leiðbeiningar (General Comment) um túlkun og innleiðingu 12. greinar samningsins (Committee on the Rights of Persons with Disabilities, 2014). Skapa þarf sérfræðikunnáttu í því hvernig best er að haga skýrslutöku og yfirheyrslu yfir fötluðu fólk sem á erfitt með að tjá sig með hefðbundnum hætti, aðferðir til að styðja fatlað fólk til ákvarðanatöku og hvernig unnt er túlka vilja þeirra og óskir.

### *Markhópar fræðslu, menntunar og endurmenntunar*

<sup>21</sup> Sjá t.d. Degener, 2016; Flynn, 2011; Kanter, 2014; O'Mahony & Quinn, 2014; Quinn 2009

<sup>22</sup> Flynn, 2016

<sup>23</sup> Sjá t.d. Arstein-Kerslake, 2017

<sup>24</sup> Sjá t.d. Watson, 2016



Sú menntun og fræðsla sem fjallað er um hér að framan þarf að ná til allra þeirra faghópa sem koma að réttarvörslukerfinu, þar meðtalið lögreglu, lögfræðinga, lögmanna, saksóknara, dómara og annarra starfsmanna. Svo og starfsfólks félagsþjónustu og ýmissa sérfræðinga svo sem sálfræðing og heilbrigðisstarfsfólk sem tengist réttarvörslukerfinu og aðkomu fatlaðs fólks að því.

*Hvar á menntun, fræðsla og endurmenntun að fara fram?*

Hér á landi hefur menntun og fræðsla um nýja hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks og samning SP um réttindi fatlaðs fólks einkum farið fram innan fötlunarfræða við Háskóla Íslands. Brýnt er að þessi menntun og fræðsla nái víðar.

Starfshópurinn telur að innleiða þurfi þessa nýju þekkingu í menntun í grunn- og framhaldsnámi í háskólum hér á landi sem mennta þá faghópa sem taldir eru upp hér að framan. Fræðsla um nútíma áherslur í málefnum fatlaðs fólks, svo sem félagslegan skilning á fötlun, mannréttindi fatlaðs fólks og samning SP um réttindi fatlaðs fólks þarf að verða hluti af námsefni þeirra stétta sem tengjast aðkomu fatlaðra einstakling að réttarvörslukerfinu. Hér er átt við deildir og námsbrautir háskóla sem mennta sérfræðinga og fagfólk sem koma að málefnum fatlaðs fólks innan réttarkerfisins, m.a. nám í lögreglufræðum, lögfræði, félagsráðgjöf, sálarfræði, nám heilbrigðisstétta og víðar.

Jafnframt þarf að huga að fræðslu og endurmenntun fyrir ofangreinda faghópa. Fræðsla um félagslegan skilning á fötlun, mannréttindi fatlaðs fólks og samning SP um réttindi fatlaðs fólks þarf að verða hluti af endurmenntun fyrir þær fagstéttir sem koma að réttarvörslukerfinu, svo sem fyrir lögreglu, lögfræðinga, dómara, saksóknara, starfsfólk félagsþjónustu og aðrar fagstéttum sem starfa innan réttarkerfisins.

## **7. Norræn framkvæmd**

Starfshópurinn kallaði eftir upplýsingum um tilhögun skýrslutöku í málum þar sem gerandi og/eða þolandi eru fatlaðir á Norðurlöndum. Nánar tiltekið var óskað eftir upplýsingum um þau ákvæði laga, verklagsreglur og venjur sem unnið er eftir. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um það hvaða menntun og þjálfun starfsfólk réttarvörslukerfisins fær að því er þessi mál varðar. Svör bárust frá öllum Norðurlöndunum nema Finnlandi. Verður nú gerð stuttlega grein fyrir fyrirkomulaginu í þeim löndum sem sendu upplýsingar.

*Noregur:*

Í 239. gr. norsku réttarfarslaganna nr. 5/1981 eru reglur um skýrslutökur af börnum og fullorðnum í sérstaklega viðkvæmir stöðu (n. særlig sárbar voksne) sem eru þolendur eða vitni. Ákvæðið fjallar um svokallað „tilrettelagte avhør“ sem kalla mætti aðlagða skýrslutöku. Samkvæmt ákvæðinu er skylt að beita þessari aðferð við skýrslutöku af þolanda í kynferðisbroti sem er með þroskaskerðingu eða aðra fötlun. Meginreglan er sú að slík skýrslutaka fari fram í barnahúsi. Nánar er fjallað um tilhögun skýrslutökunnar í ákvæðum 239. gr. a – f en þar er m.a. kveðið á um að skýrslutökurnar skuli taka upp í hljóði og mynd, hæfni þeirra sem stýra

og koma að skýrslutökum og aðgang réttargæslumanns og verjanda að skýrslutökunni. Meginreglan er sú að þessi vitni gefi ekki aftur skýrslu við dómsmeðferð máls heldur sé upptakan spiluð í dómi. Lögregluskólinn í Noregi sér um að þjálfar þá sem koma að þessum skýrslutökum og fylgdi námskeiðslýsing og yfirlit yfir námsefni með svarinu frá Noregi. Við skoðun á því efni virðist áherslan fyrst og fremst vera á skýrslutökum af börnum. Á það var einmitt bent í svari Norðmanna að *Likestillings- og diskrimineringssombuded* hafi gert athugasemdir við það hvernig mál fólks með þroskahömlun eru afgreidd í refsivörslukerfinu og m.a. bent á að þekking og hæfni til að taka skýrslur af fólki með þroskahömlun væri ekki nægileg meðal starfsfólks barnahúsanna og hjá lögreglu. Ekki væri haft nægilegt samráð við fagaðila í málefnum fólks með þroskahömlun af hálfu lögreglu og barnahúsa og að barnahús væru ekki skipulögð með það í huga að taka skýrslur af fólki með þroskahömlun. Loks væri of lítil áhersla á málefni fólks með þroskahömlun þegar kæmi að þjálfun þeirra sem kæmu að aðlöguðum skýrslutökum (n. tilrettelagt avhør).

### *Danmörk*

Samkvæmt dönskum réttarfarslögum (retsplejeloven nr. 1101/2017) er heimilt í ákveðnum tilfellum að taka skýrslu af vitnum í hljóði og mynd (d. videoafhør) á rannsóknarstigi og er svo upptakan spiluð við aðalmeðferð málsins í dómi. Taka má skýrslu af vitnum sem eru með alvarlega þroskaskerðingu eða verulega virkniskerðingu (d. alvorlig psykisk lidelse eller væsentlig funktionsnedsættelse) með þessum hætti í sérstökum tilfellum skv. 4. tl. 1. mgr. 745. gr. e laganna. Í fyrirmælum danska ríkissaksóknarans um skýrslutökur í hljóð og mynd (d. videoafhøring)<sup>25</sup> er að finna nánari reglur um tilhögun skýrslutökunnar. Fyrirmælin fjallað að mestu leyti um tilhögun skýrslutöku af börnum með þessum hætti en samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara Danmerkur geta sömu reglur gilt að breyttu breytanda þegar taka á skýrslu af brotþola með þroskaskerðingu. Meðal annars segir í fyrirmælunum í kafla 2.4.1.4 að lögregla getið leitað til sérfræðings um þroska/málefni barna til aðstoða sig við undirbúning yfirheyrslu og á meðan á henni stendur, þó það sé alltaf lögreglumaður sem sjái um sjálfa skýrslutökuna. Þá er í kafla 2.4.1.5 gert ráð fyrir því að í undantekningartilfellum geti verið rétt að hafa aðila viðstaddan sem veiti barni öryggi (d. tryghedsskabende person). Skýrslutökur á grundvelli 745. gr. e dönsku laganna skulu fara fram í barnahúsum og það eru lögreglumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun sem taka skýrslurnar.

Þá má benda á að í fyrirmælum danska ríkissaksóknarans um leiðbeiningar til þolenda (d. vejledning af forurettede mv. )<sup>26</sup> fjallar kafla 2.2 um tengilið lögreglu við brotþola og vitni. Þar segir m.a. að þegar um er að ræða alvarleg brot á almennum hegningarlögum, s.s. kynferðisbrot og líklegt að brotþoli þurfi að gefa skýrslu fyrir dómi, skuli viðkomandi fá tengilið frá lögreglu eða ákærvaldi.

<sup>25</sup> <https://vidensbasen.anklagemyndigheden.dk/h/6dfa19d8-18cc-47d6-b4c4-3bd07bc15ec0/VB/332c9998-94db-4515-8dbd-af3d435ec2f4>

<sup>26</sup> <https://vidensbasen.anklagemyndigheden.dk/h/6dfa19d8-18cc-47d6-b4c4-3bd07bc15ec0/VB/e7926b9a-b033-43fd-a07d-2f6d6a940198>

Í fyrirmælum danska ríkissaksóknarans frá 13. nóvember 2017<sup>27</sup> er fjallað með ítarlegum hætti um þau atriði sem lögreglamenn og ákærendur eiga að hafa í huga þegar sakborningur er með þroskahömlun.

### *Svíþjóð*

Samkvæmt upplýsingum frá Svíþjóð er tekið tillit til þess við rannsóknir m.a. kynferðisbrota ef gerandi eða þolandi er fatlaður. Í þeim tilvikum þar sem brotþoli er með þroskahömlun er að jafnaði beitt sambærilegum reglum og gilda við skýrslutöku af börnum, þ.e. skýrslan er tekin upp í hljóð og mynd. Ef þroskahömlun er það mikil að viðkomandi getur ekki gefið skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð er mögulegt að spila upptökuna í dómi, sbr. 14. gr. 35. kafla sænsku réttarfarslaganna (rättegångsbalken nr. 1942:740).

Ríkissaksóknari Svíþjóðar hefur gefið út handbók fyrir ákærendur um samskipti við brotþola (Bemötande av brottsoffer – Handbok) og þar eru m.a. leiðbeiningar þegar um fatlaða brotþola er að ræða. Í 7. kafla handbókarinnar er fjallað um aðstoð og stuðning við brotþola. Þar kemur m.a. fram að brotþoli á rétt á því að hafa með sér stuðningsaðila þegar hann gefur skýrslu hjá lögreglu eða fyrir dómi, er þessi réttur tryggður í sænsku réttarfarslögum. Kafli 7.5 fjallar sérstaklega um brotþola með þroskahömlun og hvað ber að hafa í huga við rannsókn slíkra mála.

### **Heimildir**

Alþingi (2017). *Þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021*. Sjá á <https://www.althingi.is/altext/146/s/1000.html>

Alþingi (maí 2017). Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir (438. mál). <https://www.althingi.is/altext/146/s/0571.html>

Anthony Heaton-Armstrong, (eds) Gísli Guðjónsson, (eds) og fl., 2006. Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives.

Arstein-Kerslake, Anna. 2017. Legal Capacity and Supported Decision-Making: Respecting Rights and Empowering People. In *Disability Law and Policy: An Analysis of the UN Convention*. Edited by Charles O'Mahony and Gerard Quinn. Dublin: Clarus Press.

Committee on the Rights of Persons with Disabilities. 2014a. *General Comment No. 1 (2014). Article 12: Equal recognition before the law* (CRPD/C/GC/1).

Degener, Theresia. 2016. Disability in a Human Rights Context. *Laws*, 5, 35.

Eiríkur Tómasson. 2012. Sakamálaréttarfar – rannsókn, þvingunarráðstafanir.

---

<sup>27</sup> <https://vidensbasen.anklagemyndigheden.dk/h/6dfa19d8-18cc-47d6-b4c4-3bd07bc15ec0/VB/fca9380b-c98e-45b7-b641-55a4f1e7e264>

- Flynn, Eilíonóir. (2011). *From Rhetoric to Action Implementing the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Flynn, Eilíonóir. (2016). *Disabled justice?: Access to justice and the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities*. London: Routledge (Fyrst gefið út af Ashgate, 2015).
- Gísli. H. Guðjónsson, (2006) „Disputed Confessions and Miscarriages of Justice in Britan.
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þroskahömlun. Sótt 15. mars 2012 af <http://www.greining.is/fagsvid/fagsvid-throskahamlana/um-throskahomlun/>
- Gudjonsson, G. H. (2010). Invited article. Psychological vulnerabilities during police interviews. Why are they important? In *Legal and Criminological Psychology*. Expert Psychological and Psychiatric Evidence in the Court of Appeal" In *The Manitoba Law Journal*.
- Kanter, Arlene S. (2014). *The Development of Disability Rights Under International Law: From Charity to Human Rights*. New York: Routledge.
- Læknablaðið (2011) Flestir geta játað falskt. Sótt 10. mars 2012 af <http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1535/PDF/u06.pdf>.
- Ríkislögreglustjóri. (2002). Líðan og persónuleikaeinkenni grunaðra, vitna og kæranda og viðhorft þeirra til starfshátta lögreglu. Sótt 14. mars 2012 af <http://www.logreglan.is/upload/files/ES2.pdf>
- O'Mahony, Charles & Quinn, Gerard (2017)(Ritstj.). *Disability law and policy: An analysis of the UN Convention*. Dublin: Clarus Press.
- Quinn, Gerard (2009). A Short Guide to the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities. Í Gerard Quinn & Lisa Waddington (ritstj.). *European Year book of Disability Law*, bls. 89-114. Antwerp: Intersentia.
- Watson, Joanne (2016). Assumptions of Decision-Making Capacity: The Role Supporter Attitudes Play in the Realisation of Article 12 for People with Severe or Profound Intellectual Disability. *Laws*, 5, 6.

## **Fylgiskjöl**

Svör lögreglustjóra um verklag.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra:

Akureyri 21.02.2017

Meðferð kynferðisbrotamála hjá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra, þar sem brotþoli eða sakborningur er fatlaðir einstaklingar.

Rannsóknarskylda lögreglustjórans á Norðurlandi eystra í kynferðisbrotamálum nær yfir brot sem framin eru gegn einstaklingum, eða af einstaklingum, í sveitarfélögum á Norðurlandi eystra og á Norðurlandi vestra. Áður en lögregluumdæmin voru sameinuð í þessi tvö umdæmi árið 2015 þá sá rannsóknardeild Lögreglustjórans á Akureyri um rannsóknir þessara brota á Norðurlandi frá árinu 2007 skv. reglugerð um sérstakar rannsóknardeildir og þar til embættin voru sameinuð í núverandi mynd árið 2015. Vegna þessarar stöðu hefur komist á gott samband á milli félagsþjónustu og barnaverndar viðkomandi sveitarfélaga og lögreglunnar. Þá hefur einnig komist á gott samband á milli Réttindagæslumanns fatlaðra á Norðurlandi og rannsóknardeildar lögreglunnar.

Á þessu tímabili frá 2007 hafa þróast ákveðnir verkferlar hjá lögreglunni varðandi nálgun á þeim fötluðu einstaklingum sem málin fjalla um. Í flestum tilvikum er um að ræða einstaklinga sem eru með skertan andlegan þroska en ekki endilega með líkamlega fötlun. Málin koma til lögreglu ýmist frá barnaverndum, heilbrigðisstofnunum eða frá einstaklingunum sjálfum eða einhverjum úr þeirra nánasta umhverfi.

Þegar mál kemur til lögreglu frá ofangreindum aðilum fer það til rannsóknarlögreglumanns og löglærðs fulltrúa. Málið er greint með hefðbundnum hætti með tilliti til málsatvika, brots, aðstæðna og aðila sem tengjast málinu.

Annað ferli fer eftir sem hér segir:

Mat á einstaklingnum, brotþola og sakborningi.

Ef einstaklingurinn er undir 18 ára aldri er fyrst tilkynnt um málið til viðkomandi barnaverndar og óskað eftir mati á hugrænum þroska einstaklingsins. Fengnar eru upplýsingar um fjölskyldustöðu og félagslega stöðu einstaklingsins.

Ef einstaklingurinn er eldri en 18 ára er með hans heimild óskað eftir sömu upplýsingum frá félagsþjónustunni þar sem einstaklingurinn fær þjónustu eða frá öðrum þeim aðilum sem veitt geta upplýsingar um einstaklinginn.

Eftir tilkomu Réttindagæslumanns fatlaðra á Norðurlandi árið 2013 er óskað eftir sömu upplýsingum um einstaklinginn ef hann er eldri en 18 ára og hann eða forráðamenn hans hafa gefið heimild til þeirrar upplýsingargjafar. Gert er ráð fyrir að barnavernd hafi allar nauðsynlegar upplýsingar um einstakling yngri en 18 ára.

Þegar fyrir liggur mat á hugrænum þroska er metið hvort óska eigi eftir aðstoð sérfræðings við að taka skýrslu af einstaklingnum eða hvort rannsóknarlögreglumaður með sérstaka þjálfun eigi að framkvæma skýrslutökuna. Þetta mat er gert í samráði við þá fagaðila sem þekkja einstaklinginn best.

Ef einstaklingurinn er yngri en 15 ára er óskað eftir skýrslutöku hjá héraðsdómi. Allar ofangreindar upplýsingar liggja þá fyrir og héraðsdómari metur hvort hann óskar eftir sérfræðingi til að framkvæma skýrslutökuna. Að öðru leyti fer

skýrslutaka af einstaklingum eldri en 15 ára fram hjá lögreglu en lagt er mat á það hvort í einhverjum tilfellum sé rétt að óska eftir að skýrslutakan fari fram hjá héraðsdómi og þá jafnvel með aðstoð sérfræðinga.

Réttargæslumaður eða verjandi er tilnefndur á fyrstu stigum máls án tillits til aldurs einstaklingsins.

Skýrslutakan.

Skýrslutaka hjá lögreglu er undantekningarlaust tekin upp í hljóði og mynd.

Viðstaddir eru skýrslutökuna eru skýrslugjafi, yfirheyrandi (rannsóknarlögreglumaður eða sérfræðingur), réttargæslumaður og fulltrúi barnaverndar eða trúnaðaraðili frá félagsþjónustunni eða annar sérstaklega tilnefndur að ósk skýrslugjafa.

Staðsetning skýrslutöku.

Skýrslutakan fer yfirleitt fram í sérútbúnu herbergi á lögreglustöðinni á Akureyri. Herbergið er útbúið að fyrirmynd herbergja ætlaðra til skýrslutöku af þolendum kynferðisbrota og börnum.

Í undantekningartilvikum fer skýrslutakan fram á öðrum lögreglustöðvum, á heimili skýrslugjafa að því gefnu að heimilið sé ekki vettvangur brots, eða í annarri aðstöðu á vegum félagsþjónustu. Þetta er gert í þeim tilvikum þegar einstaklingurinn er hreyfihamlaður eða þarf sérstakan búnað sem óhægt er að flytja með einstaklingnum. Staðsetningin í þessum tilvikum er valin í samráði við einstaklinginn, réttargæslumanninn og barnavernd/félagsþjónustu.

Mál með sérstöðu.

[...] (Tekið út vegna persónugreinanlegra upplýsinga.)

Annað.

Réttindagæslumaður fatlaðra. Með tilkomu stöðu Réttindagæslumanns fatlaðra á Norðurlandi hafa samskipti á milli réttindagæslumanns og lögreglu aukist varðandi ýmis brot gegn fötluðum. Hefur þetta m.a. þá þýðingu að brot virðast koma fyrr til rannsóknar hjá lögreglu og upplýsingaflæði vegna stöðu fatlaða einstaklingsins er auðveldari sem leiðir til hraðari málsmeðferðar. Hins vegar er kannski ekki nægjanlega skýrt hvort og hvenær lögregla á að tilkynna um brot gegn fötluðum til réttindagæslumanns fatlaðra.

Skv. 6. gr. laga nr. 88/2011 er tilkynningaskylda til réttindagæslumanns fatlaðra ef sá fatlaði fær ekki þá meðferð og þjónustu sem honum ber. Fáir hann hins vegar í sakamáli alla rétta málsmeðferð þá er það ekki næginlega skýrt hvert hlutverk réttindagæslumaðurinn hefur í hverju máli. Enda er líka fötlun magvísleg og ekki sjálfgefið að einstaklingur með einhverja líkamlega fötlun en fulla greind vilji að það sé sjálfkrafa tilkynnt til einhvers eftirlitsaðila allt sem hann varðar.

Flestir fatlaðir einstaklingar eru alveg jafn hæfir til skýrslugjafar og ófatlaðir einstaklingar og því vanséð hvaða hlutverk réttindagæslumaður fatlaðra hefur í þeirra málum.

Mat á hugrænum þroska. Þegar brot varða einstaklinga með þroskaskerðingu eða takmarkaða greind þá er leitað til barnaverndar eða félagsþjónustu um hvort einhvers konar mat á hugrænum þroska liggja fyrir. Oft er slíkt mat til en alls ekki alltaf og mjög oft er það þannig að það segir ekki í raun mikið um einstaklinginn eða getu hans til skilnings. Þá er óskað, á rannsóknarstigi, eftir nýju mati á hugrænum þroska. Leitað er aðstoðar þar til bættra sérfræðinga eftir því sem við á hverju sinni.

Virðingarfyllst,

Valur Magnússon rannslm.

#### Lögreglustjórinn á Vesturlandi:

Þegar um fatlaða þolendur er að ræða fer í gang ákveðið ferli eða mat á hvort og þá hvernig við aðlögum verkferli okkar að hömlunum brotþola.

1. Fötlan metin með tilliti til hvernig hömlun er um að ræða, líkamleg, andleg, tjáning, eða skilningur og hvort fötlan hamli ferðafrelsi, skilningi eða tjáningu.
2. Samráð við réttindagæslumann fatlaðara og umsjónaraðila eða stuðningsaðila ef um slíkt er að ræða.
3. Réttargæslumaður tilnefndur.
4. Samráð haft við framangreinda um hvernig umhverfi henti best til viðtala, skýrslutöku.
5. Metið í samráði við saksóknara/réttindagæslumenn hvort best sé fyrir hagsmuni brotþola að skýrslutökur fari fram fyrir dómi.

Gerendur

Í raun sömu skref tekin nema hér bætist svo við að sakhæfi/skynjun á réttu og röngu er metin með aðkomu sálfræðings.

Þegar báðir aðilar eru fatlaðir þarf svo að huga að því að báðir aðilar þurfa að hafa aðgang að réttindagæslumanni og ekki hægt að nota sama réttindagæslumann fyrir báða aðila.

Kveðja,

Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Jónas H. Ottósson,

Lögreglufulltrúi / Detective Chief Inspector

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum:

Sæll Elís

Brot sem varða fatlaða þolendur eða gerendur hafa ekki verið mörg hjá okkur en þó fer þeim fjölgandi og komu til að mynda tvö til rannsóknar árið 2015. Annað þeirra getur verið mikilvægt fordæmi í vinnslu slíkra mála.

Þegar fötlun aðila er slík þykir full ástæða til að tryggja þeim aðstæður sem þau ráða við, til að mynda að þau geti gefið skýrslu við aðstæður sem henti þeim, þau hafi þann stuðning sem þau þurfa til að geta tjáð sig osfrv.

Málið varðaði brotapolu með [...] (tekið út vegna persónugreinanlegra upplýsinga). Við brugðum á það ráð að óska eftir skýrslutöku fyrir dómi þar sem það var talið æskilegt með tilliti til hagsmuna stúlkunnar, sbr. c-lið 1. mgr. 59. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Stúlkan var orðin tvítug og lögráða en vegna fötlunar hennar var aðstaðan í barnahúsi fengin að láni og spyrjandi var lögreglufulltrúi. Spyrjendur í barnahúsi hafa ekki lagaheimildir til að taka skýrslur af fötluðum einstaklingum sem eru orðnir lögráða. Farið var fram á að um skýrslutökuna færi skv. 2. mgr. 123. gr. sml. þannig að ákærandi, ákærði, verjandi og réttargæslumaður yrðu ekki viðstaddir þar sem dómþing yrði háð þar sem nærvera þeirra getur orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess. Auk þessa var lagt til að stúlkan hefði fagaðila við hlið sér, til stuðnings á meðan skýrslutakan færi fram. Sú beiðni var háð samþykki verjanda sakbornings enda án lagaheimildar.

Það sem þarf að skoða að mínu mati og lagabreytingar á lögum um meðferð sakamála þurfa að taka tillit til er eftirfarandi:

1. Heimilt þarf að vera að taka skýrslur fyrir dómi á rannsóknarstigi, heimild nú í c- lið 1. mgr. 59. gr. en þarf jafnvel að taka skýrar fram t.d. „svo sem ef um fatlaða eða börn er að ræða“
2. Ekki þykir nauðsynlegt að koma í veg fyrir að fatlaðir komi fyrir dóm en það þarf að vera heimilt að byggja að öllu leyti á framburði þeirra á rannsóknarstigi. Það kann að vera nauðsynlegt fyrir dómara að sjá vitni og gera sér grein fyrir fötlun þeirra þrátt fyrir sérfræðiskýrslur og önnur gögn málsins.
3. Heimilt þarf að vera að taka skýrslur af fötluðum í sérútbúnu húsnæði ef þörf þykir á.
4. Skoða þarf hvort þörf er á sérhæfðum spyrjanda, lögreglu verður að vera heimilt að spyrja en spurning hvort opna eigi fyrir heimild spyrjanda í barnahúsi eða annarra sérhæfðra
5. Nauðsynlegt þykir að sú heimild sé bundin í lög að þolandi, gerandi, vitni sem er fatlað geti haft fagaðila sér við hlið í skýrslutöku sér til stuðnings. Stundum bara til að vera á staðnum, til að segja vitninu að það megi svara viðkvæmum spurningum osfrv. Annars er sú hætta fyrir hendi að vitnið tjái sig ekki, treysti það



ekki aðstæðum. Ekki þykir hentugt að miða við að sá aðili sé réttindagæslumaður fatlaða á viðkomandi svæði. Til að mynda er einn slíkur starfandi á öllu Suðurlandi og í Vestmannaeyjum og starfar lítið í Vestmannaeyjum. Nærtækara þykir að fagaðilinn sé einhver sem þekki fötlun vitnisins og viðkomandi beri traust til. Þessir aðilar hafi ríka þagnar- og trúnaðarskyldu vegna málsins líkt og gildir um túlka.

[...] (Tekið út vegna persónugreinanlegra upplýsinga.)

Með kveðju,

Páley Borgþórsdóttir

Lögreglustjóri í Vestmannaeyjum

### Lögreglustjórinn á Austurlandi:

Sæll.

Fyrirkomulag er eftirfarandi:

Strax í upphafi verið í samstarfi við réttindagæslumann sem er viðstaddur og vinnur síðan með viðkomandi í framhaldi eins og venja er til hjá þeim.

Réttargæslumaður kemur strax að máli og skiptir þá engu um aldur viðkomandi.

Félagsþjónustan er vanalega upplýst um stöðuna og upplýsinga aflað þaðan enda eru þau að vinna með viðkomandi einstaklinga dags daglega.

Skýrslutakan sjálf er ætíð í hljóð- og myndupptöku og hafa skýrslur í þeim málum sem hér hafa verið til rannsóknar verið teknar af mér sjálfum en við erum ætíð með opið fyrir að fá inn aðra aðila ef við teljum þess þurfa.

Það sem er frábrugðið við skýrslutökur af jafnaldra aðilum er að við metum sérstaklega færni og getu þeirra sem við erum að fara að taka skýrslur af út frá þeim upplýsingum sem við getum aflað frá félagsþjónustunni, réttindagæslumanni og eftir atvikum fjölskyldu.

Fengið er mat á viðkomandi einstakling og er það á höndum fagaðila sem annast slíkt.

Vona að þetta svari í einhverju því sem þú leitar eftir.

Kveðja / Regards,

Elvar Óskarsson, lögreglufulltrúi ( detective chief inspector )

Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu:

Sæll Elís.

Ekki hefur verið unnið eftir þar til greindum verklagsreglum þegar kemur að skýrslutökum yfir fötluðum gerendum eða brotapolum við rannsókn kynferðisbrotamála. Að jafnaði hafa skýrslutökur af fötluðum brotapolum og gerendum farið fram á lögreglustöð, og því sjaldgæft að skýrslutökur hafi farið fram fyrir dómi á grundvelli c. liðar 1. mgr. 59. gr. sakamálalaga nr. 88/2008. Til skamms tíma var fötluðum brotapolum boðið upp á að hafa réttindagæslumann fatlaða (sbr. lög nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk) viðstadda skýrslutöku, en horfið hefur verið frá því þar sem ekki verður séð að heimild sé fyrir því í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, nánar tiltekið VIII. kafla laganna, og þá sérstaklega 1. og 2. mgr. 62. gr. laganna. Þá hefur borið við að réttindagæslumenn eru vitni í málinu. Lögregla hefur kallað til kunnáttumenn sér til aðstoðar við skýrslutökur af fötluðum einstaklingum, sbr. 2. ml. 5. mgr. 63. gr. sakamálalaga. Þessi heimild er ekki til staðar fyrir dómara fari skýrslutakan fram á grundvelli c. liðar 1. mgr. 59. gr. sömu laga, en dómari getur einungis kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar þegar um er að ræða barn yngra en 15 ára, sbr. 2. mgr. 123. gr. sakamálalaga Þá hefur lögregla notað aðstöðu Barnahúss í tilvikum sem þessum, sem dómara er ekki heimilt að gera skv. dómi Hæstaréttar í málinu nr. 113/2016. Einnig hafa skýrslutökur af fötluðum brotapolum verið teknar á heimilum þeirra og á sjúkrastofnunum.

Bestu kveðjur,

Hulda Elsa Björgvinsdóttir

Sviðstjóri ákærusviðs

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum:

Sæll Elís

Biðst velvirðingar á að hafa ekki svarað þér fyrr. Kannast reyndar ekki við að hafa séð eða heyrt af fyrri pósti þínum.

Við höfum ekki sérstakar verklagsreglur varðandi rannsóknir á kynferðisbrotum (eða öðrum brotum) þar sem fatlaðir eiga hlut að máli. Mál af þessum toga hafa ekki verið mörg innan umdæmisins en koma þó upp af og til. Við höfum reynt að bregðast við eins og við höfum talið best með hliðsjón af ástandi í hverju máli fyrir sig, gefa okkur góðan tíma í yfirheyrslum, afla upplýsinga um fötlunina, leitað til okkur fróðari aðila um samskipti ef því er að skipta o.þ.h.

Almennt held ég að niðurstöður þessara mála hafi verið vel viðundandi hjá okkur en auðvitað má alltaf gera betur.

Kveðja,

Jóhannes Jensson

### Lögreglustjórinn á Vestfjörðum:

Innan lögreglunnar á Vestfjörðum eru þrjár starfsstöðvar. Þær eru staðsettar á Ísafirði, Patreksfirði og á Hólmavík. Rannsóknardeild er staðsett á starfsstöðinni á Ísafirði og þar starfa lögreglufulltrúi ásamt einum rannsóknarlögreglumanni. Rannsóknardeild sinnir rannsóknum alvarlegra sakamála.

Í meginatriðum fara skýrslutökur fram af einstaklingum með þroskahömlun á lögreglustöð. Þó eru tilvik sem skýrslutökur fara fram á heimili eða dvalarstað skýrslugjafa.

Í seinni tíð hefur það verið reynt í flestum tilvikum, þó ekki öllum tilvikum, að útvega skýrslugjafa (brotapola / sakborning) réttindagæslumann fatlaðs fólks. Viðkomandi réttindagæslumaður hefur þá verið viðstaddur skýrslutöku, ásamt starfsmanni félagsþjónustu á viðkomandi stað.

Skýrslutökur hafa verið teknar upp bæði í hljóði og mynd.

Þroskastig viðkomandi einstaklings hefur verið mjög misjafnt og frásögn viðkomandi skýrslugjafa misgóð. Þar sem þroskahömlun – þroskastig viðkomandi skýrslugjafa er misjafnt og að sá hefur ekki getað tjáð sig með fullkomnum eða skýrum hætti, hafa hjálparblöð verið notuð til aðstoðar viðkomandi. Bæklingur sem gefin var út og er finnanlegur á heimasíðu Stigamóta og nefndist „hvað gerðist?“ <https://www.stigamot.is/is/audlesid-efni/baeklingur-hvad-gerdist> hefur gefist vel.

Hvað varðar meint kynferðisbrot gagnvart einstaklingum sem hafa búið við þroskahömlum, þá er gert ráð fyrir því sbr. lögum nr. 88/2008 að brotapoli er yfirheyrður fyrir dómi, þegar hann hefur ekki náð 15 ára aldri. Ekki hefur verið reynt á það svo vitað sé hjá embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum, bæði fyrir og eftir sameiningu árið 2007, að leitað hafi verið til dómstóla um dómsyfirheyrslu yfir þolendum með þroskahömlun. Skýrslutökur hafa farið fram að slíkum einstaklingum hjá lögreglu, eftir að þeir hafa náð 15 ára aldri.

Brotapola hefur verið tilnefndur réttargæslumaður ásamt réttindagæslumanni fatlaðs fólks. Áður en réttindagæslumaður var settur á laggirnar, var leitað til fulltrúa félagsþjónustu.

Ef um réttarlæknisfræðilega skoðun hefur verið um að ræða, þá hefur það komið fyrir að fulltrúi félagsþjónustu hefur verið viðstaddur. Slík skoðun hefur verið í mjög svo fáum tilvikum.

Skýrslutökur hafa farið fram í flestum tilvikum á lögreglustöð, en í einhverjum tilvikum hafa þær farið fram á heimili viðkomandi skýrslugjafa / brotþola. Skýrslutaka hefur verið tekin upp í hljóði og mynd, eins og fyrr greinir.

Ísafirði, 30. mars 2017

Skúli Berg, lögreglufulltrúi.